

Svar við fyrirspurn

Til: Borgarráðs

Frá: Sviðsstjóra fjármála- og áhættustýringarsviðs

Efni: Sala eigna sem tilheyra ekki kjarnastarfsemi Reykjavíkurborgar

Vísað er til fyrirspurnar borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins frá 26. mars sl. sem barst fjármála- og áhættustýringarsviði þann 18. júní sl., þar sem lögð var fram fyrirspurn um sölu eigna sem tilheyra ekki kjarnastarfsemi Reykjavíkurborgar. Fyrirspurnin er eftirfarandi:

„Óskað er eftir samantekt fjármálasviðs um sölu ákveðinna eigna sem ekki tilheyra kjarnastarfssemi Reykjavíkurborgar. Óskað er eftir hverju sala eigna s.s. eignarhluta OR í Landsneti, Gagnaveitunnar og Malbikunarstöðvarinnar Höfða myndi skila. Jafnframt hversu miklu þessi aðgerð myndi minnka lánsþörf samstæðu borgarinnar.“

Svar:

Fjármála- og áhættustýringarsvið hefur ekki undir höndum upplýsingar sem nýst gætu til að svara fyrirspurninni. Ekki liggur fyrir formlegt verðmat á eignarhlut Orkuveitu Reykjavíkur í Landsneti, Gagnaveitu OR eða Malbikunarstöðinni Höfða, eða mat á mögulegu söluandvirði eignanna, svo hægt sé að leggja mat á hver niðurstaða slíkrar sölu gæti orðið. Þá er ekki hægt að fullyrða um söluverðmæti eigna út frá ársreikningi þessara fyrirtækja.

Halldóra Káradóttir
sviðsstjóri fjármála- og áhættustýringarsviðs